



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS  
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2012

**Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 85/2011, um nálgunarbann og brottvísun af heimili (kæruheimild), 267. mál.**

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreint frumvarp um breytingu á lögum um nálgunarbann og brottvísun af heimili. Styður skrifstofan frumvarp þetta enda nauðsynlegt að kæra megi úrskurð héraðsdóms um nálgunarbann og eða brottvísun af heimili til æðri dóms, sem og að kæruheimildin taki jafnt til úrskurðar þar sem fallist hefur verið á slíka kröfu eða henni hefur verið synjað.

Mannréttindaskrifstofan vill hins vegar árétta þá ábendingu í umsögn sinni, dags. 5. maí 2011, um frumvarp til laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili, þingskjal nr. 1225 – 706. mál, að ójafnræðis gætir á milli brotþola og sakbornings þegar kemur að því að staðfesta eða hnekkja ákvörðun lögreglustjóra. Ef lögreglustjóri kemst að þeirri niðurstöðu að nálgunarbanni sé komið á eða að vísa eigi einstaklingi af heimili þá fer sú ákvörðun strax til héraðsdóms til staðfestingar eða eigi síðar en þremur sólarhringum eftir að ákvörðun er birt fyrir sakborningi. Ef lögreglustjóri synjar hins vegar beitingu úrræðis 4. gr. og/eða 5. gr. þá getur brotþoli kært þá ákvörðun til ríkislögreglustjóra. Ef ríkislögreglustjóri staðfestir ákvörðun lögreglustjóra þá er brotþola mögulegt að kæra þá ákvörðun til dómstóla, sbr. 60. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Það er því ljóst að fyrir brotþola að fá niðurstöðu óháðs utanaðkomandi aðila, líkt og dómara, er lengra og flóknara ferli heldur en fyrir sakborning að þessu leyti. Þrátt fyrir að með því að fara þessa leið megi telja réttaröryggis brotþola gætt, þá eru líkur til þess einhverjir einstaklingar sem nytu góðs af nálgunarbanni/brottvísun leggi ekki í þetta ferli eða hreinlega treysti sér ekki til þess að berjast sjálfir fyrir því. Því telur Mannréttindaskrifstofan að betur færi á því að allar ákvarðanir lögreglustjóra um úrræði 4. og/eða 5. gr. hvort sem fallist er á beitingu þeirra eða þeim synjað, séu sjálfkrafa bornar undir héraðsdómara.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

-----  
Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri